



## Vefleiðangur um hindúatrú

### Kynning

Kæru nemendur. Við búum í fjölbreyttum heimi þar sem fyrirfinnast margskonar mismunandi menningarheimar, siðir og átrúnaður. Við erum ekki öll eins. Okkur finnst ekki öllum sami maturinn góður eða sömu myndirnar skemmtilegar. Okkur langar ekki öll að vinna við það sama og við höfum mismunandi skoðanir á því hvað sé mikilvægt í lífinu. En við eigum flest sameiginlegt að vilja lifa saman í friði og sátt. Til þess að geta gert það þurfum við að skilja menningu, siði og trúarbrögð annarra og bera virðingu fyrir þeim. Með því sjáum við kannski að margt sem virðist í fyrstu ólíkt okkar siðum eða hugmyndum reynist mjög líkt þegar betur er að gáð.

Í þessu verkefni eigið þið að fara í hlutverk trúarbragðafræðinga. Framundan er stór heimsráðstefna fólks af mörgum mismunandi trúarbrögðum með yfirskriftinni: *Lifum saman í friði*.

Ykkur hefur verið falið það hlutverk að halda kynningu á hindúatrú, en áður en þið getið það verðið þið að kynna ykkur vel hver Vishnu, Lakshmi, Krishna, Parvati og fleiri guðir hindúatrúar eru og út á hvað hindúatrú gengur.

### Verkefni

Þegar þið hafið aflað ykkur þeirra upplýsinga sem þið þurfið eigið þið að útbúa kynningu á hindúatrú. Hér eru nokkrar tillögur um leiðir til að skila verkefninu. Athugið að velja leið í samvinnu við kennarann. Kannski hefur hann ákveðna leið í huga. Aðrar leiðir en hér er getið koma einnig til greina. Þið getið búið til:

- hefðbundinn fyrirlestur þar sem þið útbúið PowerPoint glærur til að styðjast við
- heimildarmynd
- kynningarbækling í forritinu Publisher
- teiknimyndasögu um sögur af guðunum þar sem fram koma margskonar þættir sem tengjast átrúnaðinum
- kynningu sem er einhverskonar sambland af fyrri tillögum

### Bjargir

#### Vefir

*Trúarbragðavefurinn* – Hindúatrú

Þetta er aðal heimildarvefurinn okkar. Á honum er að finna flest allt sem þú þarft að vita um hindúatrú. Á honum er einnig mikið af myndum og tenglum á aðra vefi með efni um hindúatrú.

#### Bækur

*Hindúatrú - Guð í mörgum myndum* eftir Sigurð Inga Ásgeirsson

Þetta er kennslubók um hindúatrú fyrir miðstig grunnskóla. Rakin er saga trúarinnar, sagt frá helstu guðum, helgiritum, siðum og hátíðum. Þá er sagt frá útbreiðslu trúarbragðanna og félögum hindúa hér á landi.



*Maðurinn og trúin* eftir Gunnar J. Gunnarsson

Þetta er kennslubók fyrir unglíngastig þar sem fjallað er um helstu trúarbrögð heims, gyðingdóm, kristni, íslam, hindúatrú og búddadóm. Sagt er frá ýmsum öðrum trúarbrögðum og ólíkum lífsskoðunum. Áhersla er lögð á inntak trúarbragðanna og áhrif þeirra á daglegt líf og samfélag þeirra sem þau játa.

*A faith like mine* eftir Laura Buller

Þetta er barnabók þar sem börn segja frá trú sinni, siðum og menningu. Bókin er með fjölda fallegra ljósmynda, korta og dagatala. Bókin er á einfaldri ensku þannig að nemendur á miðstigi ættu alveg að geta nýtt sér hana.

## Myndband

*Hindúatrú* - Fræðslumynd eftir Sigurð Inga Ásgeirsson

Kennslumyndband fyrir grunnskólanemendur sem fjallar um hindúatrú. Í henni er fjallað stuttlega um guðshugmyndir hindúa, endurholdgunarkenninguna, prestastéttina, tilbeiðslu og hugleiðslu, uppeldi og fjölskyldulíf og fleira. Sagt er frá íslenskri fjölskyldu sem játar hindúatrú.

## Ferli

Fyrst skiptir kennarinn ykkur í 5 manna hópa.

Þið lesið yfir þennan vefleiðangur, setjist svo saman og ræðið verkefnið. Berið saman bækur ykkar um hvað þið vitið nú þegar um hindúatrú og hvaða skoðun þið hafið á því. Ræðið einnig hvað þið vitið ekki, hvað þið vilji vita og skrifið niður spurningar sem kunna að vakna.

Því næst ákveðið þið í samráði við kennarann hvernig þið viljið leysa verkefnið. Viljið þið halda fyrirlestur, búa til heimildarmynd, búa til teiknimyndasögu eða fræðslubækling? Ekki er víst að kennari geti boðið upp á allar þessar lausnir og því er mjög mikilvægt að velja í samráði við hann.

Þegar þið hafið ákveðið hvaða leið þið ætlið að fara skuluð þið skipta með ykkur verkum fyrir heimildaleitina. Þið skuluð öll lesa kaflana um guðina og goðsögurnar sem þeim tengjast því þar er að finna grunninn að því að skilja inntak hindúatrúar. Hinum köflunum skuluð þið skipta á milli ykkar. Einn skoðar sögu átrúnaðarins og stöðu hans í dag, annar skoðar kennisetningar og reglur, þriðji skoðar tákni og helga dóma, fjórði skoðar siði og fimmti skoðar hátíðir tengda hindúadóm. Spurningunum sem þið skrifuðu niður skuluð þið einnig skipta niður í samhengi við hvaða kafla hver tekur. Ef þið eruð t.d. með spurninguna: *Hver er helsta hátíð hindúatrúar?* þá er eðlilegast að sá sem ætlar að lesa kaflann um hátíðir sjái um að svara þeirri spurningu.

Hver fyrir sig skoðar nú efni sem tengist sínum köflum. Skoðið efni á *Trúarbragðavefnum* en einnig á öðrum björgum sem hafa verið tilgreindar. Ef þið vitið um eitthvað annað efni um hindúatrú þá er ykkur einnig velkomið að nota það. Ef þið þekkið einhvern sem aðhyllist hindúatrú þá væri einnig mjög gott hjá ykkur að tala við þann aðila.

Þegar þið eruð að skoða heimildir þá skuluð þið skrifa niður glósur um það sem þið finnið og safna einnig áhugaverðum myndum sem passa við efnið.



Þegar þið teljið ykkur hafa safnað nægu efni skuluð þið skipuleggja hvernig verkefnið ykkar verður uppbyggt. Það gerið þið með því til dæmis að búa til grind að kynningarbæklingi eða skrifa handrit að teiknimyndasögu eða stuttmynd. Berið þessar hugmyndir undir kennarann ykkar áður en þið haldið áfram.

Þegar kennarinn hefur samþykkt hugmyndir ykkar er kominn tími á lokavinnuna. Þið skuluð skipta með ykkur verkum og vinna að gerð þess efnis sem þarf fyrir ykkar framsetningu. Ef þið eruð með Power Point fyrirlestur þá útbúið þið glærur og texta fyrir fyrirlesturinn. Ef þið eruð með teiknimyndasögu þá teiknið þið myndir og skrifið hnitmiðaðan texta við. Ef þið eruð með bækling í Publisher þá skrifið þið textann og setjið hann upp. Ef þið eruð með stuttmynd þá takið þið upp atriði samkvæmt handriti og klippið þau saman.

Þegar verkefnið er tilbúið þá skilið þið því til kennarans á formi sem hann biður um. Það gæti t.d. verið útprentað, á geisladisk eða á netinu.

Að lokum verður kynning þar sem að allir hóparnir kynna sitt verkefni eða átrúnað, vonandi á sem fjölbreyttasta vegu.

## Ráðleggingar

Eftirfarandi eru nokkrar spurningar sem gott er að hafa í huga þegar þið farið í rannsóknarvinnuna. Athugið þó að þær eru alls ekki tæmandi og það er margt fleira sem þið megið lesa og skrifa um:

Hverjir eru helstu guðir hindúatrúar og hvaða hlutverk hafa þeir?

Hvað er átt við með því að hindúatrú sé samspil af algyðistrú og fjölgyðistrú?

Hvaðan er hindúatrú upprunin og hvernig hefur hún breyst í gegnum árin?

Hvernig er starfi hindúa á Íslandi háttað?

Hver er grunnurinn að kennisetningu hindúatrúar? Hvað er Brahman, atman, samsara, moksha, dharma, karma og hvernig er stéttakerfi hindúa?

Hver eru helstu helgirit hindúatrúar og hvers eðlis eru þau?

Hvert er hlutverk gúrúa?

Hvað er jóga?

Hver eru helstu tákni innan hindúatrúar, hvers vegna og hvernig og hvar birtast þau okkur?

Hverjir eru helgustu staðir hindúatrúar og hversvegna?

Hverjar eru helstu hátíðir hindúatrúar, hversvegna og hvað gera hindúar á þeim?

Hvernig tilbiðja hindúar guði sína?

Hvernig er ævi hindúa skipt niður?

Hvað gera hindúar þegar stórviðburðir eiga sér stað í lífi þeirra?





Einnig er æskilegt að eftirfarandi atriði eða eitthvað svipað þeim komi fram í kynningum ykkar:

Tillögur um hvernig hægt er að koma til móts við hindúa á Íslandi.

Notið gagnrýna hugsun til að skýra hvað ykkur finnst um þá þætti hindúatrúar sem þið hafið verið að læra um?

Hafið þið séð áhrif frá hindúatrú í vestrænni menningu, til dæmis í mannlífi, siðfræði, kvikmyndum, myndlist, bókmenntum eða tónlist? Hvar og hvernig?

## Mat

Þetta er hópverkefni og mun matið að mestu leyti taka mið af því. Niðurstöður ykkar verða því metnar í heild sinni og allir í hópnum fá sameiginlega einkunn. Þar verður tekið mið af hversu vel heimildirnar hafa verið nýttar, hversu skýrt efnið er framsett og hvort framsetningin sé fræðandi og/eða áhugaverð.

## Niðurstaða

Að þessu verkefni loknu ættuð þið að vera fróðari um hindúatrú og þekkja bæði sögur, siði og hluti sem honum tengjast. Með því hafið þið öðlast dýrmæta þekkingu á menningu og átrúnaði milljóna manna um gjörvallan heim. Þekking á siðum og menningu þeirra gerir ykkur kleift að skilja betur tilvísanir til hindúatrúar í kvikmyndum, tölvuleikjum og myndlist, auk þess sem hún getur auðveldað ykkur að eiga góð og skilningsrík samskipti við annað fólk.

Einnig ættuð þið að hafa þjálfast nokkuð í upplýsingaöflun á neti sem og framsetningu á efni með aðstoð upplýsingatækninnar.